

Upplýsingar um

BÚNAÐ BÁTA (<15 m skr. lengd)**Merkingar, nafn og númer**

- **Nafn og heimilisfang** – hæð á bókstöfum í nafni og heimilisfangi skal ekki vera minni en:

Á skipum minni en 30 brl.12 cm

Á seglbátum og öðrum bátum minni en 10 metrar mesta lengd.....10 cm

- **Umdæmisbókstafir og tölur** – hæð á umdæmisbókstöfum og tölum skal ekki vera minni en:

Á skipum minni en 30 brl.25 cm

Á bátum minni en 10 metrar mesta lengd10 cm –

Skráningarnúmer – hæð á skráningarnúmeri skal ekki vera minni en:

Á skipum minni en 30 brl.25 cm

Á bátum minni en 10 metrar mesta lengd20 cm

Á seglbátum15 cm

Öryggis-, neyðar- og björgunarbúnaður

- **Gúmbjörgunarbátur** með neyðarsendi.

- **Sjálfvirk losun** (thanner-hammer-fenner eða olsen), fjarstýrður (>12m).

- **Handlosun** (handsylgja).

- **Bjargvesti** fyrir alla um borð (viðurkennd).

- **Sjúkrakassi**. - **Sjálfvirk tilkynningarskylda AIS** (og leyfisbréf).

- **Talstöð VHF** (leyfisbréf).

- **Brunaviðvörðunarkerfi** – þilfarsbátar og bátar sem eru yfirbyggðir að hluta skulu búnir brunaboða sem gefur til kynna með hljóðmerki við stýri ef hiti verður óeðlilega mikill í vélarúmi. Hver bátur með eldavél, ofn eða önnur tæki sem gætu valdið eldi í vistarverum, skal búinn brunaboða sem gefur til kynna með hljóðmerki við stýri ef reykur kemur upp í vistarverunum. Í frambyggðum bátum með lúkar fremst eða aftur byggðum bátum með káetu aftast, má reykskynjarinn vera sjálfstæð eining með sambyggðum aflagjafa

- **Slökkvitæki** – 1st 6kg <10m, 2st >10m.

- **Slökkvikerfi** – bátar með mestu lengd 8 metra og þar yfir skulu búnir föstum slökkvibúnaði í vélarúmi.

- **Handblys** – 3 st. 12m

- **Flugeldar** – 3 st. 12m

- **Björgunarstigir** – hver bátur skal vera búinn föstum björgunarstiga sem er með neðsta þrep minnst 300 mm neðan við vatnslínu við eiginþyngd bátsins.

- **Hraðlokun** – á eldsneytislögnum skal vera loki sem næst eldsneytisgeymum sem gerir mögulegt að loka fyrir rennsli frá eldsneytisgeimum á aðgengilegum stað utan vélarúms

- **Loftrásir til vélar** – lokanlegar á bátum >8m stærð 7Xkw í sm² eða 5Xhp í sm²

- **Bjarghringur** (>8m), kasthringur (<8m)

- **Neyðarútgangar** – allar vistarverur skulu hafa minnst tvær útgönguleiðir. Minni vistarverur mega þó vera með aðeins eina útgönguleið ef víst er að hún geti ekki lokast vegna elds í vélarúmi, eldhúsi eða af öðrum sökum. Útgönguopin skulu vera í sitt hvorum enda vistarverunnar og vera þannig löguð að þau séu heppileg í neyðartilfellum. Ef nauðsynlegt þykir skulu vera stigir og handföng til að auðvelda útgang um opin. Útgönguopin skulu ekki vera minni en: 450 x 450 mm

eða 450 mm í þvermál ef þau eru hringlaga, á bátum allt að 12 m mestu lengd, en 600 x 600 mm eða 600 mm í þvermál ef þau eru hringlaga, á bátum 12 m og lengri.

- **Neyðarstýri** skal vera á bátum með tvær skrúfur þarf ekki neyðarstýri, ef sýnt er með reynslusiglingu að örugglega má stjórna bátnum með skrúfunum. Á bátum með tvö aðskilin stjórnkerfi sem hvort um sig má nota til að stjórna bátnum, þarf ekki neyðarstýri ef stjórnkerfin eru ekki búin vökva slöngum. Á bátum sem stjórnað er með utanborðsdrifi eða utanborðsvél þarf ekki neyðarstýri

- **Viðvörðun sjór í vél** þilfarsbátar og opnir bátar með plitta ofan við hleðsluvatnslínu og smíðaðir eftir 30/11/1994 skulu búnir viðvörðunarkerfi, sem gefur merki á fullnægjandi hátt um vatn í vélarúmi, annaðhvort með hljóðmerki, ljósi eða hvort tveggja.

Skipsskjöl, vottorð, bækur

- **Mæli og skrásetningarskírteini.**
- **Stöðuleikagögn** (fyrir þilfarsbáta).
- **Samþykktar teikningar** (stimplaðar af Samgöngustofu)
- **Vottorð fyrir slökkvitæki**, lyfjakistu, björgunarbúning, prófun á seguláttavita (ekki eldri en tveggja ára) og gúmbát.
- **Leyfisbréf vegna fjarskipta** (útgefið af Fjarskiptastofu)

Siglingabúnaður

- **Almanak** – lög og reglur, flóðatafla (>12m).
- **Sjónauki** (>12m).
- **Þjóðfáni.**
- **Flauta** (>12m).
- **Þokulúður** (12m).

Starfsmannabúnaður

- **Björgunarbúningur** fyrir alla um borð.
- **Salerni** – á >10m bátar smíðaðir eftir 1984

Útfærsla og varahlutir


- **Handrið og handföng** – um opin þilför þar sem vænta má umgangs manna skal setja skjólborð eða handrið. Hæð á skjólborðum og handriðum skal ekki vera minni en 750 mm. Bilið undir neðstu rim á handriði skal ekki vera meira en 230 mm. Bil á milli annarra rima skal ekki vera meira en 330 mm. Heimilt er að víkja frá kröfunum um millibil rima á lyftipílvari sem aðeins er ætlað til vinnu við legufæri, festar o.þ.h. en millibilið skal þó aldrei vera meira en 400 mm. Allir bátar skulu búnir fullnægjandi handföngum til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir meiðslum eða falli fyrir borð.

- **Skálbúnaður á lúgur** – millibil 600mm.

- **Öryggi á netaspil.**

- **Varahlutir** – reimar, hosur, eldsneytis og olíusíur verkfæri

- **Legufæri** – hver bátur skal hafa akkerisbúnað skv. línuriti á mynd þannig fyrirkomid að varpa megi akkeri á öruggan hátt í skyndi. Akkerisþyngd skv. línuritinu má deila á tvö akkeri, en þó skal annað akkerið vega minnst 2/3 af tilskilinni heildarþyngd. Bátar sem eru 8 metrar mesta lengd eða lengri skulu þó búnir einu akkeri skv. línuritinu og öðru sem vegur 1/3 þeirrar þyngdar. Hver bátur skal búinn minnst einni akkeriskeðju af lengd og með þvermáli skv. línuritinu. Hver bátur skal búinn minnst einni akkerisfesti og þremur dráttartögum af lengd og með brotþoli skv. línuritinu.



Rafbúnaður, dælar

- **Fyrirkomulag rafbúnaðar og merkingar** – rafhlöðum, rafstrengjum og öðrum rafbúnaði skal þannig komið fyrir að það sé aðgengilegt til viðhalds, jafnvel þegar báturinn er í notkun. Teikningar af rafkerfi bátsins skulu fylgja honum. Allar merkingar skulu gerðar á sérstök merkispjöld með varanlegri áletrun

- **Rafhlöður** – skal festa tryggilega í sýruheldum kössum sem skulu byrgðir að ofan með einangrandi loki og svo frá þeim gengið að engin hættu sé á að þær losni

- **Vél- og rafdælar** – austurkerfi skal vera á þann veg að mögulegt sé að dæla úr hverju vatnspétu hólfi bátsins. Þó er heimilt að á litlum hólfum, svo sem stýrisvélarými, keðjukassa eða öðrum hólfum af svipaðri stærð, sé frárennsli að austurdælu með loka utan við viðkomandi hólfi. Austurdælar skulu vera vél- eða rafknúnar. Austurkerfið má vera hvort heldur sem er eindæla og fastar soglagnir í hvert vatnspétt hólfi, með einstefnuloka á hverri lögn, eða sérstök dæla til austurs úr hverju hólfi fyrir sig. Hverri austurdælu skal vera stjórnað úr stýrishúsi. Hver dæla skal ekki afkasta minna en tilgreint er í eftirfarandi töflu:

Mesta lengd báts	Afköst vél-/rafdælu (l/mín)
< 8 m	80
8 – 11,99 m	120
12 m og yfir	180

Handdælur – handdæla skal vera til austurs úr vélarúmi og skal hún vera föst við bátinn og staðsett utan við vélarúmið og sem næst stjórnþalli. Hver handdæla skal ekki afkasta minna en tilgreint er í eftirfarandi töflu (afköst eru gefin sem lítrar í slagi í töflunni):

Mesta lengd báts	Blöðkudæla (l/slagi)	Stimpildæla (l/slagi)
< 8 m	0,5	0,7
8 – 9,99 m	0,7	1,0
10 m og yfir	0,9	1,25